

Námsmat

Námsmat er órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Námsmat á að vera upplýsandi og hvetjandi. Áhersla er lögð á þátttöku nemenda í námsmati og að námsmat leiðbeini þeim til að ná markmiðum náms. Námsmat er hæfnimiðað, en hæfni nemenda felst í þekkingu og leikni nemandans og hversu vel honum gengur að hagnýta sér þessa tvo þætti til framfara.

Námsmat fer fram jafnt og þétt á námstímanum. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Áhersla er lögð á leiðsagnarmat, eða endurgjöf og samræður nemenda og kennara í námsmati. Markviss endurgjöf felst í skýrum námsmarkmiðum og upplýsingum til nemenda um til hvers er ætlast af honum, hvernig honum gengur að tileinka sér það sem lagt er upp með og hvernig hann nýtir áfram það sem hann hefur lært. Niðurstöður námsmats eru nemendum og foreldrum aðgengileg í verkefnabókum í Mentor.

Námsmat í Egilsstaðaskóla er tvíþætt. Annars vegar er metin lykilhæfni og hins vegar hæfni á námssviði. Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Hún tengist öllum námssviðum. Lykilhæfni skiptist niður í fimm flokka; tjáning og miðlun, skapandi hugsun og frumkvæði, sjálfstæði og samvinnu, nýting miðla og upplýsinga, mat á eigin námi, metnaður og ábyrgð og að lokum samskipti og virðing. Eftirfarandi er yfirlit lykilhæfni með megináherslum hvers stigs.

Lykilhæfni – yfirlit:

	Unglingastig 8.-10.bekkur	Miðstig 5.-7.bekkur	Yngsta stig 1.-4.bekkur
TJÁNING OG MIÐLUN	Tjáir skoðanir, hugsanir og tilfinningar munnlega, skriflega og á annan hátt. Miðlar þekkingu og leikni og flytur mál sitt skýrt og áheyrilega. Tekur þátt í samræðum og rökræðum á gagnrýninn hátt.	Tjáir skoðanir, hugsanir og tilfinningar munnlega, skriflega og á annan hátt. Miðlar þekkingu og leikni og flytur mál sitt skýrt og áheyrilega. Tekur þátt í samræðum.	Tjáir skoðanir, hugsanir og tilfinningar munnlega og á annan hátt. Tekur þátt í samræðum.
SKAPANDI HUGSUN OG FRUMKVÆÐI	Sýnir áræðni, þorir að spyrja spurninga og fara eigin leiðir. Leitar að nýjum hugmyndum og tækifærum til náms.	Sýnir frumkvæði, þorir að spyrja spurninga og fara eigin leiðir. Leitar að nýjum hugmyndum og tækifærum til náms.	Sýnir áræðni, skapandi hugsun og frumkvæði.

SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	Vinnur sjálfstætt, vinnur með öðrum og undir leiðsögn.	Vinnur sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn.	Vinnur sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn.
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	Nýta tækni og miðla á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt	Nýta sér margvíslega miðla í þekkingarleit og úrvinnslu á ábyrgan og skapandi hátt.	
MAT Á EIGIN NÁMI, METNAÐUR OG ÁBYRGÐ.	Sinnir námi sínu af ábyrgð og metnaði. Setur sér markmið, heldur áætlanir og skilar verkefnum á réttum tíma. Leggur mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.	Sinnir námi sínu af ábyrgð og metnaði. Setur sér markmið, heldur áætlanir og skilar verkefnum á réttum tíma. Leggur mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.	Sinnir námi sínu af ábyrgð og metnaði. Setur sér markmið og leggur mat á eigin vinnu.
SAMSKIPTI OG VIRÐING	Er jákvæður, kurteis og hjálpsamur. Ber virðingu fyrir eignum annarra og hlustar á aðra og virðir skoðanir þeirra.	Er jákvæður, kurteis og hjálpsamur. Ber virðingu fyrir eignum annarra og hlustar á aðra og virðir skoðanir þeirra.	Er jákvæður, kurteis og hjálpsamur. Ber virðingu fyrir eignum sínum og annarra. Hlustar á aðra og sýnir þeim virðingu.

Formleg skil á námsmati eru þrisvar á skólaári. Frammistöðumat í Mentor er framkvæmt tvisvar á vetri í tengslum við samstarfsviðtöl sem eru í byrjun nóvember og mars. Foreldrar setjast niður með nemendum heimavið og aðstoða þá við að framkvæma matið inn á Mentor. Frammistöðumat er sjálfsmat nemenda á virkni, viðhorfi og áhuga í einstökum námsgreinum. Samhliða skrá kennarar allra námsgreina sitt mat. Hluti af frammistöðumatinu er sjálfsmat nemenda á lykilhæfni. Frammistöðumat er til umræðu í samstarfsviðtölum nemenda, foreldra og kennara. Í samstarfsviðtölum setja nemendur sér persónuleg markmið sem sett eru á oddinn næstu mánuði.

Að vori er formlegur vitnisburður afhentur við skólaslit. Vitnisburður er í formi umsagna í 1.-4.bekk. Gefnar eru umsagnir bæði fyrir lykilhæfni og námshæfni. Í 5.-7.bekk eru gefnir bókstafir fyrir námshæfni og lykilhæfni. Jafnframt fylgja umsagnir námshæfni. Notaðir eru bókstafirnir F fyrir frammúrskarandi hæfni, G fyrir góða hæfni, S fyrir sæmilega hæfni og Á þegar hæfni er ábótarvant. Stjarna (*) merkir að viðkomandi þáttur er ekki metinn á tilteknu námsviði. Stefna skólans er að formlegt vitnisburðarkerfi skólans byggji eingöngu á bókstöfum og umsögnum. Vegna tilmæla frá Menntamálaráðuneyti um frestun gildistöku námsmatshluta aðalnámskrár til hausts 2016 var ákveðið að nemendur í 8.-10.bekk væri gefið fyrir lykilhæfni í bókstöfum, en námshæfni í tölum frá 1-10 þar til námsmatshluti nýrrar námskrár hefur tekið fullt gildi.

Matskvarði 5.-10.bekkur – yfirlit

F	Frammúrskarandi hæfni
G	Góð hæfni
S	Sæmileg hæfni
Á	Hæfni ábótarvant
*	Ekki metið á viðkomandi námssviði